

Úttekt á Grunnskóla Seltjarnarness

Síðastliðið sumar gaf mennta- og menningarmálaráðuneytið út skýrslu með niðurstöðum úttektar á starfsemi Grunnskóla Seltjarnarness, sem gerð var sl. skólaár. Markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennar upplýsingar um starfsemi skólans. Í úttektinni var m.a. lagt mat á stjórnun og rekstur, skólanámskrá, nám og kennslu, innra mat, skólabrag og samskipti, samstarf við foreldra og sérfræðipjónustu.

Fyllsta ástæða er til að óska stjórnendum skólans, starfsfólki og öllum aðstandendum hans til hamingju með niðurstöður úttektarinnar, sem eru afar jákvæðar. Að mati úttektaraðila fer fram mjög faglegt og gott skólastarf við skólann.

Faglegt innra starf og þróunarstarf eru áberandi þættir í skólastarfinu og skólabragur er að mati úttektaraðila mjög góður. Samheldni ríkir á meðal

starfsmanna, stjórnenda og nemenda skólans. Agavandamál og einelti eru í lágmarki.

Til helstu styrkleika skólans telja úttektaraðilar góða og metnaðarfulla kennara og starfsfólk, góða samvinnu og samstarfsvilja, góðan starfsanda auk samfelli skólastarfs, tómstunda og félagslífs. Meðal ábendinga um veikleika sem bæta þarf úr er að bæta þarf upplýsingaflæði og mun skólinn gera sérstakt átak í þeim efnunum á skólaárinu 2012-2013.

Úttektin byggir á fyrirliggjandi gögnum um starfsemi skólans, viðtölum við einstaklinga og hópa og vettvangsathugunum. Tekin voru viðtöl við fulltrúa nemenda, foreldra, kennara, annars starfsfólks, skólaráðs, skólanefndar Seltjarnarnesbæjar auk stjórnenda. Meðal þeirra fyrirliggjandi gagna sem úttektin byggir á eru mikilvægust skólanámskrá og starfsáætlun skólans, sjálfsmatskýrslur og önnur gögn um innra mat, prófaniðurstöður (einkum úr samræmdum könnunarprófum og PISA), kennsluáætlanir auk annarra tölfraðilegra gagna um

starfsemi Grunnskóla Seltjarnarness.

[Hér](#) má nálgast skýrsluna í heild sinni

Baldur Pálsson, fræðslustjóri



Grunnskóli Seltjarnarness varð til með sameiningu grunnskólanna á Seltjarnarnesi, Mýrabúsaskóla og Valbúsaskóla, í einn grunnskóla frá 1. ágúst 2004. Mýrabúsaskóli hafði starfað frá 1875 en Valbúsaskóla var stofnaður út úr Mýrabúsaskóla árið 1974 og starfaði því sjálfstætt í 30 ár.

FRÉTTABRÉF FORELDRAFÉLAGS GRUNNSKÓLA SELTJARNARNESS

Fréttabréfið er málagn foreldra barna við Grunnskóla Seltjarnarness. Það kemur út tvisvar sinnum á ári og er dreift rafrænt á alla foreldra. Í því má finna upplýsingar um starfsemi foreldrafélagsins auk aðsendra greina þar sem gerð er grein fyrir því sem helst er á döfinni í skólasamfélaginu.

Aðalfundur foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness

Kæru foreldrar og forráðamenn.

Aðalfundur Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness verður haldinn miðvikudaginn 17. apríl kl. 18-19 í sal Mýrabúsaskóla.

Á fundinum fara fram hefðbundin aðalfundarstörf auk þess sem kosið verður í stjórn en stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn. Á

síðasta fundi voru sex nýir stjórnarmenn kjörnir og því vantar aðeins þrjú nýja nefndarmenn að þessu sinni. Vinsamlega athugið að mæting á aðalfund jafngildir ekki framboði í stjórn svo ekki hika við að mæta á fundinn!

Í upphafi fundar verður Esther Ösp Valdimarsdóttir, meistaranemi í mannfræði við Háskóla Íslands, með stuttan

fyrirlestur.

Þá mun kórinn Meistari Jakob taka lagið fyrir okkur.

Fundarstjóri verður Grímur Sigurðsson.

Við hlökkum til að sjá sem flesta!

f.b. stjórnar Foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness, Edda Andradóttir



EDDA ANDRADÓTTIR,
FORMAÐUR

AÐ AUKI ER RÉTT
AÐ GETA ÞESS AÐ
SÍÐUSTU ÁR HEFUR
FORELDRAFÉLAGIÐ
GEFIÐ SKÓLUNUM
ÝMSAR GJAFIR
FYRIR ÞÁ FJÁRMUNI
SEM AFGANGS
HAFA VERIÐ EFTIR
VETURINN

Frá formanni foreldrafélagsins

Þetta hefur verið virkilega skemmtilegur „fyrsti“ vetur í stjórn foreldrafélagsins. Í stjórninni sitja nú 8 fulltrúar, þar af 6 sem komu nýir inn í stjórn á síðasta aðalfundi. Við fórum því svolítið óreynd inn í veturinn en ég held að það sé óhætt að segja að starfið hefur gengið vel þrátt fyrir reynsluleysið.

Við höldum fund með öllum bekkjarfulltrúum í haust og fórum yfir hlutverk þeirra og verkefni í vetur og var sá fundur vel sóttur. Við gáfum út glæsilegt fréttabréf í haust og fengum mikil og jákvæð viðbrögð við því.

Laufabrauðsgerðin var vel sótt og settu frábær tón-

listaratriði og fróðlegar bókakynningar skemmtilegan svip á daginn. Börnin fengu sitt sælgaeti og sína jólasveina á jólaskemmtuninni eins og hefð er fyrir, og það sama á við um öskudaginn nema að þá fengum við töframann í heimsókn. Við skipulögðum einnig svokallað opið hús í febrúar og fengum Vilborgu pólfara til að segja okkur frá ævintýraferð sinni á Suðurpólinn. Framundan er svo vorhátíðin og útskrift 10. bekkinga.

Að auki er rétt að geta þess að síðustu ár hefur foreldrafélagið gefið skólunum ýmsar gjafir fyrir þá fjármuni sem afgangs hafa verið eftir veturinn enda ekki

tilgangur félagsins að safna digrum sjóði. Í fyrra voru það taflborð, borðtennisborð og hljóðkerfi í salinn í Mýró og verður sami háttur hafður á núna í vor.

Stjórnarmenn eru kjörnir til tveggja ára í senn og þær Sigurlína Margrét og Halldóra ætla að fara úr stjórninni á næsta aðalfundi. Gert er ráð fyrir 9 manna stjórn og því verða þrjú sæti laus á næsta aðalfundi. Við hlökkum mikið til að sjá hverjir bætast í hópin!

Með kærri þökk fyrir skemmtilegan vetur,
f.h. stjórnar foreldrafélagsins,
Edda Andradóttir



ESTHER ÖSP
VALDIMARSDÓTTIR

Kynjamunur í uppeldi

Í upphafi aðalfundar foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness verður Esther Ösp Valdimarsdóttir, meistaranemi í mannfræði við Háskóla Íslands, með stuttan fyrirlestur sem ber heitið "Það er alið upp í okkur að vera stilltar, til hliðar þú veist" en hann fjallar um ólík skilaboð til stelpna og stráka í uppeldi og umhverfi.

Esther hefur kannað birtingarmynd mismunandi skilaboða til kynjanna og

mun spjalla við foreldra um kynjamun í uppeldi.

Síðastliðið sumar starfaði hún með 8 unglingsstúlkum að því markmiði að átta sig á því hvort stelpur fái svigrúm til að tjá reiði og tengdar tilfinningar, hverjar afleiðingarnar eru ef svo er ekki og hvernig megi bæta úr því.

Reiði er ekki einangruð tilfinning og enginn karl eða kona eyland. Stelpurnar voru sammála

um að skilaboð í uppeldi, vinasamskiptum, tómstundum, skóla og ekki síst fjölmiðlum segðu til um hvernig þær ættu að haga sér, vera og vilja verða. Um viðurkennda hegðun þeirra gilda strangar óskráðar reglur sem ganga í arf kynslóða á milli, rétt eins og um strákana, en þeirra regluverk er ekki síður íþyngjandi.

Við hvetjum foreldra að koma og hlusta!



Skólagangan okkar

Öll börn á Íslandi eru skóla-skyld þ.e.a.s. þau eiga að ganga í grunnskóla og eru ýmist 15 eða 16 ára þegar grunnskólagöngu lýkur. Þessi tíu ár eru stór hluti af lífinu og því er afar mikilvægt að þessi ár séu skemmtileg og lærdómsrík. Þetta eru þau ár sem ungtrú fólk er undirbúið fyrir hinn stóra heim framhaldsnáms og atvinnulífs.

Þegar við sitjum hérna og hugsum til baka þá er það í rauninni glatað að vera að yfirgefa grunnskólann. Skólinn hefur mótað okkur sem einstaklinga en einnig hefur hann opnað svo margar

dyr fyrir okkur.

Grunnskóli Seltjarnarness hlýtur að vera einn sá allra flottasti á landinu.

Kennararnir eru til fyrirmyndar, allir eru vinir, umhverfið er svo gott og andinn innan skólans er æðislegur.

Við erum tvö sem skrifum þessa hugleiðingu. Annað okkar hefur verið alla grunnskólagöngu sína hérna úti á Nesi en hitt kom inn í skólann í 5. bekk. Það vill svo skemmtilega til að við erum góðir vinir í dag. Í rauninni höfum við verið vinir frá því að sá síðarnefndi kom í

skólann. Um leið og hann kom tóku allir vel á móti honum, allir vildu vera vinir því þannig er bara umhverfið hérna á Nesinu. Það okkar sem byrjaði í skólanum strax í fyrsta bekk gæti ekki hugsað sér að hafa byrjað í öðrum skóla.

Grunnskóli Seltjarnarness mun ávallt lifa í minningu okkar beggja. Árin okkar í Grunnskóla Seltjarnarness hafa verið æðisleg og allt sarfsfólk skólans á mikið hrós skilið. Við teljum okkur bæði vel undirbúin undir lífið og framtíðin er björt.

Tveir nemendur í 10. bekk

ÁRIN OKKAR Í

GRUNNSKÓLA

SELTJARNARNESS

HAFA VERIÐ

ÆÐISLEG OG ALLT

SARFSFÓLK

SKÓLANS Á MIKIÐ

HRÓS SKILIÐ.

Viðhaldsframkvæmdir á Valhúsaskóla

Í sumar verður ráðist í umfangsmiklar viðhaldsframkvæmdir utanhúss á Valhúsaskóla. Samkvæmt fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar verður um 65 milljónum varið til verksins, sem er stærsta viðhaldsframkvæmd á vegum bæjarins í ár.

Í verkáætlun er gert ráð fyrir viðgerðum á steiptum byggingarhlutum á suður- og vesturhlíð hússins auk þess sem gluggar verða lagfærðir og gler endurnýjað.

Hluti framkvæmdanna snýr að matsal nemenda og varðar endurnýjun á gluggum og gleri, en reiknað er með að nýtt sólstopp gler muni bæta aðstöðuna til muna þar sem

um er að ræða aðra langhlið salarins. Við lagfæringar á gluggum verða einnig gerðar breytingar sem stuðla að auknum loftgæðum í kennslustofum.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist í um leið og skóla lýkur í byrjun júní og að þeim verði lokið fyrir skóla-setningu þann 22. ágúst.

Vegna framkvæmdanna verða leikjanámskeið á vegum ÍTS staðsett í Mýrarhúsaskóla í sumar, en þau hafa verið í Valhúsaskóla undanfarin ár.

Framkvæmdirnar í Valhúsaskóla eru hluti af viðhaldi og endurnýjun skólabygginga og lóða og koma í framhaldi af

viðhaldsframkvæmdum á Tónlistarskóla Seltjarnarness og Selinu, sem lauk síðastliðinn vetur.

Þess má geta að nú er einnig unnið endurnýjun leiktækja á skólalóð Mýrarhúsaskóla og gert er ráð fyrir að næsta áfanga í þeim efnunum ljúki í vor.

Nemendur og foreldrar hafa verið með í ráðum þar sem skólaráð hefur þegar fjallað um endurnýjun leiktækjanna, en það skipta fulltrúar nemenda og foreldra auk fulltrúa skólans.

Með kveðju,

Baldur Pálsson, fræðslustjóri

Undirbúningur leikskólubarna fyrir grunnskóla

Í Leiksskóla Seltjarnarness er umhverfismennt einn af áhersluþáttum uppeldisstarfsins, en leikskólinn flagnar nú í fimmta sinn grænfáanum. Í umhverfis-sáttmála skólans er lögð áhersla á að nemendur kynnist átthögum, upplifi og njóti umhverfisins í kring. Einnig að nemendur noti efnivið úr náttúrunni til sköpunar.

Mikilvægt er að kenna nemendum að ganga vel um leikskólann og umhverfi hans. Flokkun og endurvinnsla er stór þáttur í starfinu og að minnka vatns- og orkunotkun. Nemendur sækja umhverfisfundir með stjórnendum skólans. Virk umhverfisnefnd er starfandi við skólann sem ásamt eftirlitshóp elstu barnanna hefur það hlutverk að fylgjast með, viðhalda og benda á það sem betur má fara í umhverfismálum.

Það er markvisst unnið með SMT-skólafærni. Verkefnið

gengur út á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun með því að kenna og þjálfá félagsfærni og gefa jákvæðri hegðun barnanna gaum með markvissum hætti.

Á hverjum degi koma börnin saman í samverustundir. Þær eru hluti af íslenskrum leikskólamenningu og mikilvægur hlekkur í starfinu. Samverustundir efla félags- og málþroska barnanna.

Ekki má gleyma mikilvægi hins frjálsa sjálfsprottna leiks þar sem börnin líkja eftir fyrirmyndum sínum, setja sig í spor þeirra og samsama sig þeim. Í frjálsum leik æfa börnin samskipti og félagslega hæfni og þess vegna er frjálsi leikurinn ávallt mikilvægur í starfi okkar.

Tónlistarkennararnir Ólöf María og Sesselja sjá um vikulegar tónlistar- og söngstundir. Þær er áhersla lögð á fjölbreytni í laga- og textavali,

vinnu með hljóðfæri og hlustun. Textarnir eru oft mikil áskorun og gefa þeir gott tækifæri til að vinna með málskilning og efla skýran framburð.

Tvisvar sinnum í viku hittast öll börnin í Sólbrekku í salnum og syngja saman. Auk þess koma öll börn skólans saman í Mánabrekku fyrsta þriðjudag í mánuði og má þá með sanni segja að söngurinn ómi hátt og snjallt.

Í mars hófst íþróttaskólinn sem er samstarfsverkefni leikskólans og Gróttu. Þar fá börnin kynningu og leiðsögn í þeim íþróttagreinum sem félagið býður upp á þ.e. handbolta, fótbolta og fimleikum.

Farið er í þrjár heimsóknir í Mýrarhúsaskóla sem er liður í aðlögun barnanna fyrir það sem koma skal. Börnin heimsækja skólaskjólíð, hitta skólastjóra og fá að sitja í kennslustund með börnum í

1. bekk.

Í maí fara börnin á Eiði og Bjargi í “útskriftarferð”. Farið verður í dagsferð að Úlfjótavatni með nesti og tilheyrandi en þar er frábær aðstaða til fræðslu og leikja.

Harpa Frimannsdóttir, kennari og meistaranemi við HA



HARPA FRIMANNSDÓTTIR

Næsti viðburður



Áhugavert á alnetinu

- Vefsíðan kritin.is hefur það að markmiði að auka faglega umræðu um málefni skóla
- Soffia er einfalt smáforrit sem kennir starfróf, litii, árstíðir og marg fleira
- Vefsíðan rasmus.is inniheldur ýtarefni um stærðfræði fyrir öll skólastig
- Vefur [námsháttáttastofnunar](http://namsgagnastofnunar) er hafsjór fróðleiks um námsefni allra aldursþópá

FORELDRAFÉLAG GRUNNSKÓLA SELTJARNARNESS

Edda Björk Andradóttir	Formaður og tengiliður við Selið	edda@juris.is
Björgúlfur Ólafsson	Gjaldkeri	bjorgulfur@gmail.com
Þórarinn S. Arnarson	Ritari	thsa@os.is
Arndís Vilhjálmisdóttir	Ritari	arndisv@gmail.com
Halldóra Pálsdóttir	Fulltrúi í skólaráði	halldorapals@gmail.com
Helga Ólafsdóttir	Fulltrúi í skólaráði og tengiliður við Heimili og skóla	helga@theochem.is
Magnús Ö. Guðmarsson	Umsjón með atburðum	magnus@101hotel.is
Sigurína M. Magnúsdóttir	Fulltrúi í skólaráði	linamagga@me.com